

Hjól og „tan“ á Tenerife í febrúar

Fjallahjólaferð - rafhjól | 7. - 16. febrúar 2023 | 10 dagar / 9 nætur



Fararstjóri: Brandur Jón Hrannarson Guðjónsson

Fjallahjólaferð á rafhjólum um fjölbreytt landslag eldfjallaeyjunnar Tenerife er eitthvað sem spennandi er að prófa, í þessu eilífa sumri sem þar er, á meðan vetrarvindar blása hér norður í höfum.

Og þarna er svo aldeilis hægt að fara í alls konar ferðir í mishæðóttu landslaginu, og njóta um leið útiverunnar og samverunnar með öðrum með sama áhugamál. Íslenskur fararstjóri verður með hópnum alla sex hjóladagana og auk hans verða tveir eða þrír staðkunnugir innlendir leiðsögumenn sem stýra hjólaleiðunum.

Á þessari litlu eyju er um fjölda miserfiðra hjólaleiða að velja og verða þær valdar af leiðsögumönnum og fararstjóranum í takt við aðstæður hverju sinni.

Gisting, morgun- og kvöldverðir á flottu og mjög vel staðsettu fjögurra stjörnu **hótel Tigotan**, á Amerísku ströndinni

Mjög mikið innifalið! M.a. allar máltíðir*, hjólaleiga í sex daga, skutl, fararstjóri og leiðsögumenn o.fl.

Lágmarks fjöldi er 8 manns / hámark 15



1






Brandur Jón H. Guðjónsson er okkar reyndasti hjólaferðafararstjóri og fer árlega með hópa í mismunandi ferðir vítt og breytt um Evrópu. 62 ára eiginmaður, faðir og afi sem finnst fátt skemmtilegra en ferðast á hjóli um fallegar slóðir innanlands og utan!



Ferðin er unnin í samstarfi við **Cycling holidays Tenerife** hjólaleiguna og ferðaskrifstofuna og þaðan koma líka leiðsögumennirnir sem verða með hópnum alla sex hjóladagana í ferðinni.

Hjá Massimo Giovanzana og félögum á **Cycling holidays Tenerife** er öll þjónusta innifalin: 2-3 leiðsögumenn; góð rafmangs-fjallahjól; skutl þegar þarf miðað við dagskrá; vatnsflöskur á hjólin; vatn, orkudrykkir, orkustykki og hressingarstopp með einni samloku eða álíka á dagleiðunum.

Dagskrá ferðarinnar verður fjölbreytt og í takt við það sem Cycling Holidays Tenerife bjóða upp á – <https://en.cyclingholidaystenerife.com/mtb-tours> - allar dagleiðirnar vel viðráðanlegar á góðum rafhjólum 😊



Tigotan er stórt og glæsilegt fjögurra stjörnu hótél og frábærlega staðsett á Amerísku strönd Tenerife. Þaðan er stutt í allar áttir: á hjólaleiguna, á ströndina og í hjólaferðir – eða í verslanir og á veitingastaði.

Sundlaugar, barir, veitingastaðir, heilsulind með sauna og nuddi (ath. það þarf að panta með góðum fyrirvara), nektarsvæði fyrir þau sem vilja kasta klæðum um stund, og að sjálfsögðu mjög góð sólbaðsaðstaða.

Heimasíða hótelsins <https://www.dreamplacehotels.com/en/hotel-tigotan>

Hér má sjá myndir frá hótelinu <https://www.dreamplacehotels.com/en/hotel-tigotan/photo-gallery>



Tenerife (2.034m²) telst til Spánar, hún er stærsta eyjan í Kanaríeyja klasanum og sú fjölmennasta, með upp. 967.000 íbúa, auk þess sem þangað koma upp. 5 milljónir ferðamanna árlega til þess að njóta þess milda veðurfars sem þar ríkir allt árið um kring. Höfuðborgin Santa Cruz de Tenerife er á norðurhluta eyjunnar. Hæsti punktur er eldfjallið Teide 3.715 m.y.s., það er hæsta fjall Spánar og þriðja stærsta eldfjall í heimi og landslagið og náttúruferðir eyjunnar ber þess merki með ríku hætti. M.a. þess vegna er hún svo vinsæl meðal hjólafélks því þar eru margar skemmtilegar og mis krefjandi hjólaleiðir, kjörnar til útiveru meðan ekki viðrar til slíks annarsstaðar.

= = = = = = = = = = = = = =

Ferðaráætlun:

Dagur 1 – þriðjudagur, 7. febrúar

Flug – akstur – hótél

Flogið með **Icelandair** kl. 08:50 til **Tenerife**, áætluð landing þar kl. 14:00 og þaðan er stuttur akstur yfir á hótelið.

Dagur 2 - 4 – miðvikudagur til föstudags, 8. – 10. febrúar

Hjól og sól í þrjá daga ...

Hver dagur hefst með góðum hjólatúr vítt og breytt um svæðið – Að aflokinni hjólaferð dagsins, þær eru vissulega mis langar, er svo er hægt að tylla sér á bar til þess að jafna út vökvabúskap líkamans, synda í einhverjum af sundlaugum hótelsins, rölta á ströndina, sækja sér smá lit á kroppinn í sólstól eða fara í heita pottinn í sundlauginni á þaki hótelsins – eða í gott endurnærandi nudd í heilsulindinni á hótelinu.

Dagur 5 – laugardagur, 11. febrúar

Slökun – og sól!

Hvíldardagur frá hjólunum – hann má nota á marga mismunandi vegu: Sólbað, busla í sjónum, fara í skoðunarferð eða hvað sem er!

Dagur 6 - 8 – sunnudagur til þriðjudags, 12. – 14. febrúar

Seinni þrír hjóladagarnir ...

Dagskráin heldur áfram þessa þrjá daga út og suður, upp og fram, af nógu er að taka! Í lok þriðjudagsins verður hjólunum skilað til leigunnar.

Dagur 9 – miðvikudagur, 15. febrúar


Slökun – og sól, aftur!

Hjóladagskránni lokið og því um að gera að nýta tímann til þess að skoða það sem eftir var að kíkja á – eða ganga á Teide!

Dagur 10 – fimmtudagur, 16. febrúar

Heim á leið

Eftir góða næringu við morgunverðarborðið verður tími til þess að tylla sér aðeins í sólstól áður en ekið verður til flugvallarins, flugið heim er kl. 15:00 – áætluð landing kl. 20:20



Þjónusta & verð

Innifalið í verði ferðar:	Flug og flugvalla-skattar	07.02.2023: Icelandair, flug FI 582 Keflavík – Tenerife, brottför 08:50 landing 14:00 16.02.2023: Flug FI 583 Tenerife – Keflavík, brottför 15:00 landing 20:20 Vinsaml. athugið að flugtímar geta breyst. Hægt að nota vildarpunkta Icelandair til þess að kaupa gjafabréf og nýta til lækkunar fargjaldsins		
	Gisting	Hótel Tigotan **** á Amerísku ströndinni á Tenerife		
	Matur	Morgunverðir	Innifaldir alla dagana	
		Miðdegishressingar o.fl.	Samlokur o.þ.h. – auk þess vatn, orkudrykkir og orkustykki – ath. þetta á eingöngu við á hjóladögum sex, ekki á frídögum	
		Kvöldverðir	Innifaldir alla dagana	
	Akstur	Akstur til og frá „Tenerife - suður“ flugvelli Skutl með hjól og fólk í takt við áætlun ferðarinnar á hjóladögum		
	Fararstjórn	Brandur Jón Hrannarson Guðjónsson		
Ekki innifalið:	Hádegishressingar á frídögum Drykkir með kvöldverðum Annað sem ekki er talið upp í „innifalið“			
Verð:	Verð á mann í tveggja manna herbergi	444.900,- staðgreitt		
	Aukagjald fyrir eins manns herbergi (ath. takmarkað framboð)	45.000,- staðgreitt		
Greiðslur og gjalddagar:	Staðfestingargjald: Staðfestingargjald ISK 150.000 þarf að greiða strax við pöntun. Kt. 470898-2919 / banki 0328-26-000288 – áriðandi er að láta kerfið senda staðfestingu fyrir greiðslunni inn á netfangið ferdir@fjallakofinn.is með skýringunni <Hjól á Tene 2023> Athugið að staðfestingargjald fæst ekki endurgreitt ef til afbókunar af hálfu viðskiptavinar kemur		Lokagreiðsla: Lokagreiðsla þarf að berast í allra síðasta lagi fimmtudaginn 22. des. 2022, annað hvort með millifærslu eða kreditkorti í gegnum greiðslutengil	

Ábendingar:

Lágmarks þátttaka er 8 manns. Ferðaskrifstofan Íslandsvinir áskilur sér rétt til að hætta við ferðina ef þátttaka er ekki næg og mun þá endurgreiða að fullu.

Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Ferðaskrifstofan Íslandsvinir og fararstjórar hennar áskilja sér allan rétt til að breyta áætlunum ferða ef veður, umferð og/eða ástand vega, eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður gefa tilefni til.

Forfallatrygging er ekki í boði í sérferðum ferðaskrifstofunnar. Í mörgum tilfellum er forfallatrygging innifalin í skilmálum greiðslukorta og/eða heimilis- og fjölskyldutrygginga fólks og er viðskiptavinum bent á að hafa samband við banka sinn eða tryggingarfélag til að kanna stöðu mála. Einnig er þátttakendum bent á að tryggja sig sérstaklega fyrir mögulegum óhöppum og slysum í ferð sem þessari.

Krafa er gerð um að þátttakendur séu í líkamlegu og andlegu standi til þess að taka þátt í dagskrá ferðarinnar og ferðaskrifstofan áskilur sér og fararstjórum allan rétt til þess að vísa þátttakendum sem ekki uppfylla þessi skilyrði úr ferðinni og er viðkomandi þar með búinn að fyrirgera rétti sínum til notkunar á þjónustu þeirri sem ferðin er byggð á og án þess að til greiðslu kostnaðar eða endurgreiðslu komi af hálfu ferðaskrifstofunnar.

Verð ferðar er háð almennum gengisbreytingum, en breytist ekki eftir að hún er að fullu greidd.

Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Íslandsvinir eru með skilmála sem unnið er eftir varðandi alferð sem þessa og lesa þarf hér:
<http://ferdir.fjallakofinn.is/is/page/skilmalar>



Skráning og frekari upplýsingar í gegnum heimasíðuna okkar

<https://ferdir.fjallakofinn.is/is/product/hjol-og-tan-a-tenerife-test> ; með því að senda tölvupóst á ferdir@fjallakofinn.is ; eins má hafa samband í

gegnum Messenger á Facebook síðunni

<https://www.facebook.com/islandsvinir/>

Farþegar í ferðum Fjallakofans-Ævintýraferða / Íslandsvina hf. fá sérkjör í Fjallakofanum



